

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Sent í gegnum umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 6. nóvember 2025

Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 (staða og valdheimildir ríkissáttasemjara), 13. mál.

Starfsgreinasamband Íslands leggst alfarið gegn því að boðaðar breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nái fram að ganga. Auknar valdheimildir ríkissáttasemjara sem í frumvarpinu eru boðaðar stangast á við eiginlegt hlutverk embættisins sem er að miðla málum í kjarasamningsviðræðum.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu fela breytingarnar í sér geigvænlegt inngríp og skerðingu á stjórnarskrárvörðum réttindum launafólks sem tók áratuga baráttu að öðlast. Stjórnvöldum ber að vernda þann rétt til hins ítrasta. Verði ríkissáttasemjara veittar frekari heimildir til þess að stöðva réttilega boðaða vinnustöðvun, gæti slíkt varpað rýrð á hlutleysi ríkissáttasemjara í kjaradeilum og dregið úr trausti á störf hans.

Að öðru leyti tekur Starfsgreinasambandið heilshugar undir umsögn Alþýðusamband Íslands við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS